

1869.
10. apríl. í Kaupmannahöfn, að stjórnarráðið hefir veitt féluginu 150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutast til, að fè þetta verði greiddt fèhirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfèhirzlu ríkisins.

15. apríl. **32. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að maður, sem kann til vatnsveitinga, verði sendur til suðuramtsins.**

Með brèfi dagsettu 10. desembermán. f. á. hafið þèr, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá frá stjórn húss- og bústjórnarfélags suðuramtsins um, að gjörðar verði ráðstafanir til þess, að maður, sem kann til vatnsveitinga á engjar og af þeim, verði sendur með styrk úr opinberum sjóði til Reykjavíkur með annari gufuskipsferðinni, til þess að standa fyrir þess konar störfum fyrir þá bændur í suðuramtinu, sem vilja skuldbinda sig fyrir þetta til að hýsa hann og fæða og hafa til handa honum næga vinnukrapta til þess að framkvæma slík störf á jörðum þeirra, og hefir húss- og bústjórnarfélagið þar að auki dregið á um að leggja til af efnum sínum 100 rd. að minnsta kosti til þessa áforms.

Nú er dómsmálastjórnin hefir skrifast á við hið konunglega landbústjórnarfélag um þetta, hefir það útvegað mann, er kann til vatnsveitinga og framskurðar, Niels Jørgensen, og fer hann nú af stað til Íslands með gufupóstskipinu, sem nú er í búnaði, og verður þar til hausts, bæði til þess að standa fyrir jarðabótum þeim, sem húss- og bústjórnarfélagið hefir vikið á, og eins, ef menn vilja, til þess að leiðbeina við slátt einkum í því að brúka danska ljái. Með því að gjört er ráð fyrir, að teður jarðyrkjumaður verði hýstur og fæddur, meðan hann dvelst á Íslandi, á þeim heimilum, þar sem tilsögn hans verður notuð, svo að dómsmálastjórnin og hið konunglega landbústjórnarfélag hafi engan kostnað af því, að honum hefir verið lofað viðurværi ókeypis, og að húss- og bústjórnarfélagið muni borga áhöld

þau, er hann hefir með sér, að svo miklu leyti sem þau verða ekki dýrari en 100 rd., hefir honum verið lofað, auk viðurværis og ferðakostnaðar fram og aptur, 40 ríkisdöllum á mánuði í laun upp frá þeim degi, að hann fer af stað hëðan og þangað til að hann er kominn hingað aptur, á þann hátt að stjórnin borgar ferðakostnaðinn með póstskipinu og helminginn af laununum, og hið konunglega landbústjórnarfélag hinn helminginn af laununum, og hefir það þar að auki lofað, ef að áhöldin verða dýrari en 100 rd., þá að borga það sem fram yfir verður.

Jafnframt og yður er kunngjört þetta, herra stiptamtmaður, og að hið konunglega landbústjórnarfélag hefir lagt fyrir tēðan jarðyrkjumann að fara á yðar fund, undir eins og hann sé kominn til Reykjavíkur, til þess að fá vísbendingu um, hvert hann eigi að fara, eruð þér beðnir að hlutast til, að laun þau, sem honum hefir verið heitið, eins og áður var sagt, 40 rd. á mánuði, verði borguð honum úr jarðabókarsjóðnum, og senda síðan, þegar þar að kemur, skýrslu um, hversu mikið hefir verið borgað smátt og smátt. Skal því við bætt, að jarðyrkjumanninum hefir verið borgað fyrir fram uppi launin fyrsta mánuðinn 20 ríkisdalir.

1869.
15. apríl.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um erfðafestusölu á túnparti við Reykjavík.

15. apríl.

Með bréfi dagsettu 19. janúarmán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá í útlekkingu á dönsku, er stiptamtinu hafði borizt frá bæjarstjórninni í Reykjavík; er þar sókt um samþykki til þess, að selja megi til erfðafestu túnblettinn nr. 4 á Hlíðarhúsaslóðinni fyrir 43 álna afgjald á ári eptir verðlagsskrár meðalverði. Jafnframt og þér hafð getið þess, að meðalalin eptir verðlagsskránni 1868—69 hafi verið 21²/₃ skild., og að afgjaldið, sem um hefir verið samið, verði eptir því 9 rd.